

# Geðhjálp er í gíslingu

- framkvæmdastjórinn kennir starfsmönnum um og þeir framkvæmdastjóranum

**GEÐHJÁLP** Hatrómm átök fara fram innan Geðhjálpar og bera talsmenn fylkinga innan félagsins hvora aðra þungum sökum. Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálpar segir að í raun sé staðan sú að stuðningsþjónusta Geðhjálpar sé í gíslingu starfsmanna - ekki allra - en flestra. Starfsmenn stuðningsþjónustunnar nota sama orðalag um Svein, Sigurstein Mátsson varaformann og aðra sem fylkja sér í þann hóp.

Í fréttatilkynningu sem send er út í nafni hóps starfsmanna og félagsmanna Geðhjálpar segir meðal annars: „...Lýsum fullri ábyrgð á hendur þeim sem taka sér vald til að halda félaginu Geðhjálp í þeirri gíslingu sem það er í nú. Til skoðunar er, hvort ástæða sé til að óska opinberrar rannsóknar á störfum fráfarandi stjórnar.“

Þeir sem skipa hina fylkinguna hafa uppi margar athugasemdir í Fréttablaðinu í gær um slaka frammistöðu starfsfólks stuðningsþjónustunnar. Í blaðinu var einnig vitnað í niðurstöður starfshóps sem nefndi fjölda athugasemda um stuðningsþjónustuna. Þar sagði til dæmis að ekki væri nógu gott að yfirstjórn stuðningsþjónustunnar skuli ekki vera í höndum faglærðs starfsfólks, að ekki sé veitt sú þjónusta sem greitt er fyrir auk annarra alvarlegra athugasemda.

„Þessi skýrsla er naflaskoðun. Sveinn Magnússon hefur starfað sem framkvæmdastjóri í tæplega níu mánuði og væntanlega ber hann ábyrgðina ásamt stjórninni. Hann er að beina spjótunum að sjálfum sér. Það er búið að reka þrjá lykilstarfsmenn; Ingólf Ingólfsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra, Karl Valdimarsson, sem var forstöðumaður stuðningsþjónustunnar og Kristjóna Kristjánsdóttir bókara. Við teljum að framkvæmdastjóri, sem hefur starfað í níu mánuði, og veit að ekki er allt eins og það á helst að vera ætti að gera eitthvað í máluum. Þess vegna tel ég að gagnrýni Sveins Magnússonar hitti hann fyrir sjálfan,“ sagði Sigurður Á. Gunnarsson starfandi forstöðumaður stuðningsþjónustu Geðhjálpar. ■



**SIGURÐUR ÁRNI GUNNARSSON**

Hann gegnir starfi forstöðumanns stuðningsþjónustu Geðhjálpar eftir að forstöðumanni var sagt upp störfum. Hann styður Kristófer Þorleifsson til formennsku.